



Alþingi
Nefndasvið
Þórshamri v/Templarasundi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 1945
komudagur 25/2 1997

Kópavogi, 21. febr. 1997

Umsögn um þingmál nr. 256. mál

Á fundi stjórnar SSH, þann 14. þ.m., var samþykkt svohljóðandi ályktun vegna ofangreinds máls.

Ekki er tekin efnisleg afstaða til frumvarpsins, enda snertir þessi málaflokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu óverulega. Hins vegar er bent á að æskilegt væri að frumvörp er varða sveitarfélög væru send hagdeild Sambands íslenskra sveitarfélaga til skoðunar á sama hátt og þau eru send fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, áður en þau eru lögð fram. Sveitarfélög eru í auknum mæli að taka yfir verkefni frá ríki og hafa með höndum umfangsmikla starfsemi. Forsvarsmönnum þeirra er því nauðsynlegt að geta gert sér grein fyrir fjárhagslegum áhrifum lagafrumvarpa og annarra þingmála sem snerta sveitarfélögin í landinu.

Því vill stjórn SSH beina því til nefnda Alþingis að þingmál er snerta sveitarfélög eða stofnanir þeirra fjárhagslega, verði send til hagdeildar Sambands íslenskra sveitarfélaga áður en þau eru lögð fram í þingi, á sama hátt og þau eru send fjármálaráðuneytinu til umsagnar.

Þetta tilkynnist hér með.

f.h. stjórnar

Jónas Egilsson